

Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 23. ágúst kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 2. lið; Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur, Karl Björnsson ráðgjafi, Aðalsteinn Þorsteinsson ráðuneyttisstjóri innviðaráðuneytisins og Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur (á Teams).

Gestir fundarins undir 3. lið; framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur, Árni Þór Sigurðsson (formaður), Guðný Sverrisdóttir og Gunnar Einarsson. Björn Ingi Óskarsson, lögfræðingur í innviðaráðuneytinu (á Teams).

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 28. júní 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 28. júní 2024.

Fundargerð frá 28. júní 2024 var samþykkt án athugasemda.

2. Málefni Grindavíkurbæjar

Umsókn um framlag úr Jöfnunarsjóði

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Grindavíkurbæjar, dags. 20. ágúst 2024, þar sem vísað er í 8. gr. samkomulags milli innviðaráðherra og Grindavíkurbæjar um stuðning við stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélagsins á grundvelli VIII. kafla sveitarstjórnarlaga, sem undirritað var 24. febrúar sl. Í framangreindri 8. gr. samkomulagsins er kveðið á um Jöfnunarsjóður muni veita sveitarfélaginu styrk að fengnum umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs á grundvelli heimildar í 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. b. lið 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, til að styðja við sveitarfélagið.

Í erindinu er sett fram ósk um 600 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Umsóknin byggir á rauntölum er varðar útgjöld og tekjusamdrátt vegna tímabilsins janúar til júní 2024 og fyrirsjáanlegra fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins á árinu 2025. Nánari greining á stöðu og horfum í rekstri var lögð fram á fundinum sem fylgiskjal umsóknarinnar.

Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkurbæjar og Karl Björnsson ráðgjafi sveitarfélagsins mættu á fundinn og gerðu grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna ársins 2024 og horfum í rekstri árið 2025.

Ráðgjafarnefndin tók beiðni sveitarfélagsins um stuðning úr Jöfnunarsjóði til umfjöllunar á fundinum en gert er ráð fyrir stuðningi úr sjóðnum í framangreindu samkomulagi innviðaráðuneytisins og Grindavíkurbæjar. Vísar nefndin jafnframt til þess að hlutverk Jöfnunarsjóðs, sbr. ákvæði b-liðar 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 84. gr. sveitarstjórnarlaga, sé að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum með styrk eða láni úr sjóðnum að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Með vísan til ákvæða 83. gr. og 84. gr. sveitarstjórnarlaga sem mæla m.a. fyrir um að samkomulag sveitarstjórnar og ráðherra um fjármál skuli byggja á rökstuddri tillögu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, samþykkti ráðgjafarnefndin að fela eftirlitsnefndinni að fjalla um erindi Grindavíkurbæjar ásamt því að leita umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga áður en það kemur til endanlegrar afgreiðslu ráðgjafarnefndarinnar.

3. Framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkurbæjar

Framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkurbæjar (Grindavíkurnefnd) fór yfir stjórnskipan og starfsemi. Nefndin er fjölskipað og sjálfstætt stjórnvald sem hefur með höndum fjölbætt verkefni sem snúa að úrlausnarefnum sem tengjast jarðhræringunum við Grindavík. Í dag er nefndin þriggja manna nefnd með tvo starfsmenn ásamt þjónustuteymi en ljóst er að ráða þurfi fleira starfsfólk enda verkefnin viðamikil.

Með vísan til umræðu um fræðslumál fyrr á fundinum samþykkti bæjarstjórn breytingartillögu sem heimilar bæjarstjórn að fela framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ að taka að sér

verkefni á sviði fræðslumála fyrir hönd bæjarins. Enn eru um 250-260 börn með lögheimili í Grindavík. Sveitarfélagið var mjög vel stutt fyrir atburðina en dregið hefur verlega úr tekjum þess, en hægar dregur úr útgjöldunum.

Búið er að vinna aðgerðaráætlun vegna verka, hún verði kostnaðarmetin og send til innviðaráðuneytisins. Mikilvægt er að halda sveitarfélaginu eins opnu og unnt er til að halda atvinnulífni gangandi. Rætt var um íbúapróun og skráningu lögheimilis en fram kom að barnafjölskyldur eru hvattar til að skrá lögheimili sitt í því sveitarfélagi sem þau búa í og þiggja þjónustu frá. Fyrirhugað er að fara í aðgerðir og hringja í alla einstaklinga sem enn eru með skráð lögheimili í Grindavík. Haldið verður áfram að hvetja fólk til að færa lögheimili sitt með þessum hringingum.

Nefndin er ekki með fjármál sveitarfélagsins á sínu borði, þau heyra enn undir sveitarstjórn.

4. Dómsmál Reykjavíkurborgar gegn ríkissjóði vegna Jöfnunarsjóðs

Málflutningur í Hæstarétti

Forstöðumaður Jöfnunarsjóðs fór yfir stöðu mála vegna dómsmáls Reykjavíkurborgar gegn ríkissjóði. Málið verður tekið fyrir þann 23. október, búast má við niðurstöðu fyrir áramót.

5. Tekjujöfnunarframlög 2024

Áætluð framlög

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2024 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 19. ágúst 2024.

Framlögum er ætlað að jafna tekjur sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera skv. reglum:

- a. Sveitarfélög með 70.000 íbúa eða fleiri
- b. Sveitarfélög með 12.000-69.999 íbúa
- c. Sveitarfélög með 300-11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með undir 300 íbúa

Við útreikning framlaganna er tekið mið af íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar 2024, hámarksálagningu útsvars að frádreginni hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni, hámarksálagningu fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats og úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Þá eru tekjur sveitarfélaga af meiri háttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á viðmiðunartekna í viðkomandi flokki. Jafnframt er sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðmiðunarflokks sleppt við útreikning meðaltals. Einnig eru sveitarfélög með færri en 300 íbúa borin saman við meðaltekjur í flokki sveitarfélaga með 300–11.999 íbúa enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa sveitarfélags í þéttbýli.

Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins eru framlögin aðlöguð að fjármagni til ráðstöfunar með hlutfallsreikningi og áætlað að tekjujöfnunarframlag nemi 1.400 m.kr. Gert er ráð fyrir að $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins komi til greiðslu í september en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykka tillögu til ráðherra um úthlutun áætlaðra tekjujöfnunarframlaga að fjárhæð 1.400 m.kr. á árinu 2024 og að 1.050 m.kr. komi til greiðslu fyrir 1. nóvember.

6. Útgjaldajöfnunarframlög 2024

Enduráætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2024 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dagsett 21. ágúst 2024.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Það er að segja að tekjuskerðing við útreikning framlagsins hefur verið uppfærð. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjujöfnunarframlaga fyrir árið 2024. Þegar endanlegt tekjujöfnunarframlag 2024 liggur fyrir í lok árs verður í kjölfarið útgjaldajöfnunarframlagið enduráætlað á grundvelli þess.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 15.000 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. í B-hluta. Í lok árs verður svo úthlutað 175 m.kr. í B-hluta vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2024 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2024. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 15.800 m.kr. á árinu 2024.

Nefndin samþykkti tillögu um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2024 á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

7. Innra eftirlit og rekstrarúttektir

Innra eftirlit

Umfjöllun og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

8. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Endurnýjun áætlun framlaga ársins 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að 3. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2024, ásamt þar af lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 20. ágúst 2024. Áætlunin hafði áður verið á dagskrá á síðasta fundi nefndarinnar þann 28. júní sl. en afgreiðslu verið frestað.

Endurskoðun regluverks

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til kynningar breytingar á regluverki þjónustu við fatlað fólk. Stærsta breytingin sem kynnt er snýr að því að minnka vægi undanþágu til úthlutunar á grundvelli kostnaðarmats sveitarfélaganna sjálfra á þjónustu sinni við notendur. Stefnt er að því að drög að nýrri reglugerð fari von bráðar til kynningar í Samráðsgátt.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna fatlaðs fólks á árinu 2024, að fjárhæð 36.870 m.kr og að leggja endurskoðun regluverks á þjónustu við fatlað fólk í samráðsgátt.

9. Mat á verðmati virkjana

Aðkoma Jöfnunarsjóðs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 21. ágúst 2024, um fjármögnun matskerfis fasteignamats orkumannvirkja. Um nokkurn tíma hefur verið stefnt að því að afnema undanþágu frá fasteignaskattsskyldu þeirra orkumannvirkja sem nú eru undanþegin skattinum. Brýnt hagsmunamál er fyrir sveitarfélögin að hefja innheimtu fasteignaskatta orkumannvirkja sem fyrst. Auk þess að færa nærsamfélögum virkjana auknar tekjur myndu önnur sveitarfélög njóta góðs af tekjuaukanum í gegn um úthlutunarkerfi Jöfnunarsjóðs.

Mat HMS er að stofnunin hafi ekki bjargir til að útbúa kerfi fyrir fasteignamöt orkumannvirkja nægilega tímanlega og þarfir verkefnisins gera ráð fyrir. Þá þurfi stofnunin að leita utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar við vinnuna sem sé utan fjárheimilda hennar. Kostnaður við sérfræðiaðstoð vegna verkefnisins er metinn á um 15-20 m.kr. og er óskað framlags út Jöfnunarsjóði til að standa straum af honum. Framlag sjóðsins myndi falla undir e. lið 7. gr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að úthluta allt að 20 m.kr. til HMS vegna þróunar matskerfis fasteignamats orkumannvirkja.

10. Stjórn sambandsins

Beiðni um fund með ráðgjafarnefnd 30. ágúst

Nefndin mun funda með stjórn sambandsins 30. ágúst.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 14:14.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir